



Bréf sent prestum, djáknum, organistum,  
sóknarnefndum og útfararstjórum

Reykjavík 6. nóvember 2021

Ágæta samverkafólk.

Breytingar á reglum um samkomutakmarkanir vegna heimsfaraldurs tóku gildi á miðnætti 6. nóvember.

Lesi má betur um aðgerðirnar á vef stjórnarráðsins og á covid.is:

<https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2021/11/05/COVID-19-Innanlandsadgerdir-hertar-vegna-mikillar-fjolgunar-smita/>

<https://www.covid.is/undirflokkar/gildandi-takmarkanir>

**Skylt verður að bera grímu þegar ekki er unnt að virða 1 metra nálægðarreglu.**

Allt að 2000 manns mega vera viðstaddir athafnir trú- og lífsskoðunarfélaga, sviðslistar- menningar- og íþróttaviðburði, ráðstefnur, fyrirlestra og sambærilega viðburði.

Grímuskylda er innandyra, þar sem ekki er unnt að tryggja 1 metra nálægðarmörk innandyra, milli einstaklinga sem ekki eru í nánnum tengslum, einnig á viðburðum þar sem gestir sitja í bókuðum sætum. Nálægðarmörk og grímuskylda á ekki við um börn fædd 2006 eða síðar.

Aðgerðirnar í hnotskurn eins og segir á vef stjórnarráðsins;

- Strax á miðnætti tekur gildi grímuskylda; skylt verður að bera grímu þegar ekki er unnt að virða 1 metra nálægðarreglu, s.s. í fjölmennum verslunum, almenningssamgöngum og viðlíka. Einnig verður skylt að bera grímu á sitjandi viðburðum (tekur gildi frá og með 6. nóvember).
- Börn 15 ára og yngri eru undanþegin grímunotkun.

**Ég ítreka fyrri brýningu til okkar allra að við gætum að hinum persónulegu sóttvörnum og vil í því sambandi nefna eftirfarandi atriði:**

- Sprittbrúsar skulu vera aðgengilegir við inn- og útganga, sem og á salernisaðstöðu.
- Við komu til kirkju svo og við brottför úr kirkju skulu kirkjuverðir og annað starfsfólk tryggja eftir fremsta megni að hópamyndanir verði ekki í anddyri eða fyrir utan kirkjuna.
- Handabönd eða annars konar líkamleg snerting skal ekki viðhöfð.
- Alltaf skal lofta vel út og sótthreinsa alla snertifleti milli athafna.
- Allt starfsfólki er hvatt til að fara ekki til vinnu komi upp einkenni veikinda.

Ég þakka ykkur öllum fyrir ykkar dyggu og dýrmætu þjónustu og hvet ykkur enn til dáða í okkar mikilvægu verkefnum nú þegar kirkjustarf er komið á fullt skrið um land allt.

Megi við öll vera farvegur bænar og lofgjörðar í þjónustu okkar í kirkju Krists á Íslandi.

Ég lofa land og haf  
það líf sem Guð mér gaf,  
í vorsins yl og vetrarins byl  
ég lofa land og haf.

*(Sálmur 852, vers 3: Eygló Eyjólfsdóttir)*

Með bæn um blessun Guðs í lífi og þjónustu,



Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands.